

139. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
18. 1. 2023 kl. 8:30 – 10:00

Fundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Þórgunnur Torfadóttir, Ingunn Jónsdóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Bjarni Guðmundsson, Sindri Örn Elvarsson, Lilja Jóhannesdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Hugrún Harpa Reynisdóttir

Fjarverandi: Kristján Sigurður Guðnason, Lind Völundardóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir.

Dagsetning ársfundar 2023

Rætt var um mögulega dagsetningu fyrir ársfund Nýheima þekkingarseturs. Ákveðið að forstöðumaður sendi könnun á stjórnarmenn til að finna heppilega dagsetningu. Næsti fundur stjórnar verður í mars og verður fyrirkomulag ársfundar rætt nánar á þeim fundi.

Nýr stjórnarmaður Vöruhússins

Fundarstjóri bauð Sindra Örn velkominn til starfa í stjórn setursins. Sindri hefur tekið við starfi Vilhjálms Magnússonar sem forstöðumaður Vöruhússins og tekur því sæti hans í stjórn Nýheima þekkingarseturs.

Menntastoð Nýheima

Hugrún Harpa sagði frá því að fyrsti fundur í menntahóp Nýheima hefur verið boðaður. Fulltrúar setursins, Fræðsluskrifstofu Hornafjarðar, FAS, Háskólafélags Suðurlands og Fræðslunets Suðurlands mynda menntahóp til að byrja með. Hugrún hvatti stjórnarmenn til að láta vita ef þeir hefðu áhuga á að taka þátt í hópnum og eins að vera dugleg við að koma ábendingum til þeirra sem í honum eru um málefni er varða menntun.

Stjórn fór yfir menntunartengd markmið starfsáætlunar 2023 og sköpuðust góðar umræður um markmiðin. Stjórnarmenn ræddu sérstaklega framboð tólmstundanámskeiða og samstarf við háskóla landsins vegna fjarnáms á háskólastigi. Fram komu ýmsar ábendingar og hugmyndir sem menntahópur mun vinna áfram með.

Hugrún Harpa sagði frá því að starfsfólk setursins vinnur nú að mótun styrkumsóknar sem felur í sér nálgun á mikilvægi menntunar og eflingu staðbundinna þekkingar- og menntastofnana með áherslu á hvetjandi námsrými og aukin tækifæri til menntunar í dreifðum byggðum. Verkefnið mun flétta þessar áherslur saman við áskoranir sem blasa við samfélögum í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna. Stefnt er að því að NP sækir um styrk til landsskrifstofu Erasmus+ á Íslandi.

Önnur mál

Hugrún Harpa sagði frá því að Áslaug Arna verði með skrifstofu sína á Hornafirði mánudaginn 17. apríl.

Fundi slitið klukkan 9:20

Þórgunnur Torfad
Hugrún Harpa Reynisdóttir